71. Stjórnarfundur Vestfjarðastofu og Fjórðungssambands Vestfirðinga, haldinn í fjarfundi þann 27. ágúst 2025 kl. 12.00

Mætt voru: Gylfi Ólafsson, formaður, Anna Björg Þórarinsdóttir, Dagný Finnbjörnsdóttir, Gauti Geirsson, Guðmundur Fertram Sigurjónsson, Hildur Aradóttir, Magnús Ingi Jónsson, Sif Huld Albertsdóttir og Þórkatla Soffía Ólafsdóttir.

Forföll boðaði Lilja Sigurðardóttir áheyrnarfulltrúi en ekki tókst að boða varamann í hennar stað vegna skamms fyrirvara. Einnig sat Bragi Þór Thoroddsen fundinn sem áheyrnarfulltrúi Súðavíkurhrepps.

Auk þeirra sátu fundinn Sigríður Ólöf Kristjánsdóttir, framkvæmdastjóri, Guðrún Anna Finnbogadóttir, teymisstjóri atvinnuþróunar, Sölvi Guðmundsson teymisstjóri markaðar og menningar og Aðalsteinn Óskarsson, sviðsstjóri byggðaþróunar og ritaði einnig fundargerð.

Boðuð dagskrá fundarins er sem hér segir;

Fundur stjórnar Vestfjarðastofu

1. Atvinnustefna Íslands (til umræðu)
2. Uppbyggingarsjóður - úthlutunarreglur (til afgreiðslu)
3. Rekstraruppgjör VFS jan-júlí 2025 (til kynningar)
4. Skýrsla framkvæmdastjóra (til kynningar)
5. Fundargerðir til kynningar
    a. Fundargerð 74. fundar stjórnar SSNE 4. Júní
    b. Fundargerð 126. fundar stjórnar SSNV 15. ágúst
    c. 610. Fundur stjórnar SSH 7. júlí 2025
    d. 624. fundur stjórnar SASS 27. júní 2025
    e. 811. fundur Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum
    f. Fundargerð 13. stjórnarfundar SSA

Fundur stjórnar FV

1. Ályktanir stjórnar á 70. Fjórðungsþingi að hausti (til umræðu)

Formaður kannaði hvort athugasemdir væru við dagsskrá og boðun fundarins, engar athugasemdir komu fram. Gengið til dagskrár.

Fundur stjórnar Vestfjarðastofu

1. Atvinnustefna Íslands

Lagt fram til umræðu áformaskjal í Samráðsgátt mál nr S144/2025, Atvinnustefna Íslands; Vaxtarplan til 2035. Lýst er áformum að stefnumörkun ríkisstjórnar um atvinnustefnu og tímalínu verkefnisins. Boðað er til fyrsta fundar þann 4. september n.k. í fjarfundi og fyrir þann fund er beint þrem spurningum til hagaðila.

1. Hver ættu helstu markmið og lykilmælikvarðar að vera varðandi þróun atvinnulífs næstu tíu ár?

2. Til hvaða aðgerða geta stjórnvöld gripið til að efla útflutning, fjölga vel launuðum störfum og auka framleiðni vinnuafls næstu tíu ár

3. Hvaða útflutningsgreinar, þar sem framleiðni vinnuafls er mikil og loftlagsáhrif eru takmörkuð, geta vaxið mest á næstu tíu árum og náð árlegum útflutningi sem nemur tugum milljarða króna?

Framkvæmdastjóri kynnti samantekt sem unnin er af Bláma í samstarfi við Vestfjarðastofu, á greiningu á stöðu og þróun í atvinnulífi á Vestfjörðum og möguleg tækifæri til fjárfestingar á Vestfjörðum.

Formaður hafði framsögu um efni máls en gaf orðið laust um hvort skila eigi umsögn um efni máls og hvert efni hennar eigi að vera.

Til máls tóku Bragi Þór, Guðmundur Fertram, Hildur, Anna, Gauti, Þórkatla.

Formaður lagði fram tillögu um að senda inn umsögn á grundvelli umræðu sem yrði gerð með vísan til Gullkistu-sýningarinnar. Framkvæmdastjóra falið að leggja drög að umsögn og senda stjórn til afgreiðslu.

Tillagan samþykkt samhljóða.

2. Uppbyggingarsjóður – úthlutunarreglur

Framkvæmdastjóri lagði fram til umræðu og afgreiðslu þrjú minnisblöð til stjórnar Vestfjarðastofu, sem er hér ígildi samráðsvettvangs Sóknaráætlunar Vestfjarða.

- Minnisblað frá verkefnastjórum og sviðsstjóra um fjárhagsramma úthlutunar til Uppbyggingarsjóðs.
- Minnisblað verkefnastjóra um verklags og úthlutunarreglur sjóðsins.
- Minnisblað verkefnastjóra um breytingu á umsóknargátt með samræmingu við aðra landshluta, ábendingar úthlutunarnefndar og tillögu að nýjum áherslum.

Formaður og framkvæmdastjóri höfðu framsögu um efni minnisblaða.

Til máls tóku Gylfi, Þórkatla, Sölvi, Aðalsteinn, Sigríður, Gauti, Anna og Hildur.

Formaður gerði tillögu um að efni minnisblaðs um fjárhagsramma verði samþykkt. *Samþykkt samhljóða*.

Formaður gerði tillögu um efni minnisblaða um verklags og úthlutunarreglur sé samþykkt. *Samþykkt samhljóða.*

Formaður gerði tillögu um að minnisblað breytingar á umsóknargátt, ábendingar og nýjar áherslur, verði samþykkt með minniháttar breytingum með vísan til umræðu og beina til sóknarhóps að taka til umræðu hvernig Uppbyggingarsjóður geti staðið að stuðning við nýsköpun. *Samþykkt samhljóða.*

3. Rekstraruppgjör VFS jan-júlí 2025

Framkvæmdastjóri lagði fram til kynningar yfirlit um rekstur Vestfjarðastofu fyrstu sjö mánuði ársins og yfirlit um skiptingu rekstrarframlaga og skiptingu um útgjalda og yfirlit byggt á sundurliðun tímaskráningar. Rekstur er skv. áætlun ársins.

Til máls tóku formaður og framkvæmdastjóri.

4. Skýrsla framkvæmdastjóra

Framkvæmdastjóri kynnti munnlega skýrslu framkvæmdastjóra auk þess sem Guðrún Anna og Sölvi kynntu framkvæmd Gullkistunnar, þann 6. september nk. Fram kom að efni og tilurð sýningarinnar byggir á áherslu Sóknarhóps um að efla kynningu á atvinnulífi og samfélagi á Vestfjörðum og þá jákvæðu þróun sem átt hefur stað á síðustu árum.

Til máls tók formaður.

5. Fundargerðir til kynningar

Lagðar fram til kynningar eftirfarandi fundargerðir landshlutasamtaka sveitarfélaga

1. Fundargerð 74. fundar stjórnar SSNE 4. Júní
2. Fundargerð 126. fundar stjórnar SSNV 15. ágúst
3. 610. Fundur stjórnar SSH 7. júlí 2025
4. 624. fundur stjórnar SASS 27. júní 2025
5. 811. fundur Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum
6. Fundargerð 13. stjórnarfundar SSA

Fundi slitið kl 13.03

Fundur stjórnar FV

Fundinn sátu auk formanns, Hildur, Þórkatla, Magnús, Dagný og Bragi auk framkvæmdastjóra, sviðsstjóra og teymisstjóra.

1. Ályktanir stjórnar á 70. Fjórðungsþingi að hausti

Formaður óskaði eftir umræðu um efni og framsetningu ályktana stjórnar Fjórðungssambandsins á 70. Fjórðungsþings Vestfirðinga að hausti, þann 16. og 17. september n.k. og gaf framkvæmdastjóra orðið til að skýra hvernig önnur landshlutasamtöku standa að gerð ályktana og form þeirra.

Til máls tóku formaður, framkvæmdastjóri, Magnús, Hildur, Bragi, Þórkatla, Dagný og Aðalsteinn.

Samþykkt að taka saman efni í almenna ályktun með vísan til stefnuskjala s.s. Sóknaráætlunar og Svæðisskipulags og grunngilda sýningarinnar Gullkistan Vestfirðir.

Samþykkt að boða stjórn til fundar þann 12. september 13:00 eftir að frumvarp til fjárlaga 2026 ...agt fram á Alþingi. Fjallað verði um efni þess og eins efni funda forsætisráðherra um atvinnustefnu og félags og húsnæðismálaráðherra frá 4. september.

Fundi slitið kl. 13:40

Fullgild rafræn undirskrift
ÞÓRKATLA SOFFÍA ÓLAFSDÓTTIR
Kennitala: 101281-5239
2025-10-08 13:52:36 GMT
Ástæða: Undirskrift

Fullgild rafræn undirskrift
ANNA BJÖRG ÞÓRARINSDÓTTIR
Kennitala: 110286-2609
2025-09-04 16:55:34 GMT
Ástæða: Undirskrift

Fullgild rafræn undirskrift
MAGNÚS INGI JÓNSSON
Kennitala: 180692-4529
2025-09-04 19:39:05 GMT
Ástæða: Undirskrift

Fullgild rafræn undirskrift
SIF HULD ALBERTSDÓTTIR
Kennitala: 140885-2239
2025-09-12 09:35:23 GMT
Ástæða: Undirskrift

Fullgild rafræn undirskrift
GAUTI GEIRSSON
Kennitala: 290493-3239
2025-09-24 13:02:09 GMT
Ástæða: Undirskrift

Fullgild rafræn undirskrift
SIGRÍÐUR ÓLÖF KRISTJÁNSDÓTTIR
Kennitala: 120567-5789
2025-09-04 13:01:45 GMT
Ástæða: Undirskrift

Fullgild rafræn undirskrift
DAGNÝ FINNBJÖRNSDÓTTIR
Kennitala: 171288-3209
2025-09-04 13:02:42 GMT
Ástæða: Undirskrift

Fullgild rafræn undirskrift
GYLFI ÓLAFSSON
Kennitala: 020583-4879
2025-09-04 14:27:58 GMT
Ástæða: Undirskrift

Fullgild rafræn undirskrift
HILDUR ARADÓTTIR
Kennitala: 070598-2999
2025-09-04 14:39:05 GMT
Ástæða: Undirskrift